

1. Sp: Hámarksstyrkur fyrir verkefnisstyrk eru 10 milljónir króna á ári. Gildir þetta hámark einnig ef sótt er um fyrir doktorsverkefni eingöngu?

Sv: Já, hins vegar þarf að rökstyðja allan áætlaðan kostnað sem fellur á verkefnið og ólíklegt að laun doktorsnema og rekstrarkostnaður við doktorsverkefni nái upp í það hámark. Allur órökstuddur kostnaður er skorinn.

2. Sp: Hver eru launaviðmið Rannsóknasjóðs?

Sv: Launatafla Rannsóknasjóðs fyrir styrkárið 2015:

Staða	Upphæð á mánuði
Sérfræðingur 1 (t.a.m. prófessor)	670.000 kr.
Sérfræðingur 2 (t.a.m. lektor eða dósent)	550.000 kr.
Nýdoktor	480.000 kr.
Doktorsnemi	350.000 kr.
Rannsóknarmaður	350.000 kr.
Meistararnemi	300.000 kr.

3. Sp: Er hægt að semja um aukið framlag til samrekstrar og aðstöðu samkvæmt nýjum reglum sjóðsins vegna verkefna sem þegar eru hafin?

Sv: Nei, verkefni sem þegar eru hafin eru fjármögnuð á þeim forsendum sem voru samþykktar í samræmi við reglur árið sem verkefni hófst.

4. Sp: Er hægt að telja samrekstur og aðstöðu sem mótframlag?

Sv: Nei.

5. Sp: Hverjir eru „other participants“?

Sv: „Other participants“ eru samstarfsmenn sem ekki koma með beinum hætti að framsetningu rannsóknarspurningar eða hönnun verkefnis eins og meðumsækjendur (co-proposers) en koma að einhverjum þætti verksins vegna sérþekkingar sinnar t.d. sem ráðgjafar. Ljóst þarf að vera hvers vegna það er verkefninu til góða að hafa tiltekna einstaklinga sem „other participants“ .

6. Sp: Hvað getur leitt til frávísana umsókna?

Sv: Helstu ástæður frávísana eru formgallar (ef umsókn uppfyllir ekki reglur Rannsóknasjóðs um uppsetningu, eyðublöð, viðhengi, launakostnað), óheiðarleiki (meðumsækjendur settir á umsóknir sem þeir eru ekki aðilar að), ritstuldur og ef umsækjendur hafa samband við meðlimi fagráða eða stjórn meðan á mati stendur.

7. Sp: Er hægt að sækja um laun fyrir starfsmenn sem eru í fullu starfi annars staðar?

Sv: Hægt er að sækja um laun starfsmanna sem eru í fullu starfi annars staðar ef viðkomandi starfsmaður afsalar sér tekjum frá sínum núverandi vinnustað sem nemur þeim mannmánuðum sem sótt er um að Rannsóknasjóður greiði.

8. Sp: Hvers vegna þarf fagrád? Er ekki nóg að hafa ytri matsmenn?

Sv: Samkvæmt lögum bera fagrád ábyrgð á mati og skal hvert fagrád skipað allt að sjö einstaklingum. Hvert fagrád Rannsóknasjóðs spannar hinsvegar of vítt svið til að sérfræðipækking sjö einstaklinga náí utan um það. Því er leitað til ytri matsmanna. Það er svo fagráðanna að bera saman umsóknir innbyrðis með mat ytri matsmanna til hliðsjónar. Ytri matsmenn sjá oftast ekki nema eina umsókn meðan samanburðurinn er í verkahring fagráða.

9. Sp: Er hægt að sækja um framfærslustyrk fyrir doktorsnema við erlendan háskóla?

Sv: Nei, samkvæmt lögum er hlutverk sjóðsins að styrkja rannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Doktorsnemar þurfa því að vera skráðir í nám við íslenska stofnun.

10. Sp: Hvað er átt við með erlendu samstarfi í öndvegisstyrksumsóknum?

Sv: Að umsókninni þurfa að koma erlendir vísindamenn sem meðumsækjendur (co-proposers) og gera þarf grein fyrir hvaða verkþáttum viðkomandi ber ábyrgð á.

11. Sp: Hvað er átt við með „greinargerð doktorsnema“?

Sv: Ef sótt er um laun nafngreinds doktorsnema skal neminn sjálfur taka virkan þátt í gerð umsóknarinnar sem meðumsækjandi. Fáist styrkveiting mun koma fram að viðkomandi hafi hlotið styrk úr Rannsóknasjóði fyrir doktorsnámi sínu. Sem staðfestingu á þátttöku skilar doktorsnemi inn greinargerð þar sem fram kemur hversu langt viðkomandi er kominn í námi, hvenær lok eru áætluð, hver afrakstur sé hingað til og hvernig styrkurinn rímar við framtíðaráform nemans.

12. Sp: Er hægt að sækja um fjármögnun tveggja doktorsnema í sama verkefni?

Sv: Já, það má sækja um laun fyrir eins marga doktorsnema og rúmast innan leyfilegs hámarkskostnaðar verkefnis svo fremi doktorsverkefnin saman myndi heildstætt verkefni.

13. Sp: Í reglum er talað um að sé sótt um styrk til doktorsnáms þurfi leiðbeinandi doktorsnema að vera verkefnisstjóri á verkefninu. Þýðir það að meðumsækjandi geti ekki leiðbeint doktorsnema?

Sv: Nei, ef verkefnið er eingöngu byggt á doktorsnemaverkefni skal leiðbeinandi vera verkefnisstjóri en ef fleiri umsækjendur koma að verkefni þar sem doktorsverkefnið er aðeins hluti stærri rannsóknar getur leiðsögn doktorsnemans verið í höndum meðumsækjanda.

14. Sp: Hversu langur tími líður frá því að umsókn er send inn þar til verkefni getur hafist?

Sv: Úthlutun úr Rannsóknasjóði er háð því að fjárlög styrkarsins liggi fyrir en umsóknarfrestur er í byrjun sumars árið fyrir styrkár. Umsóknir eru sendar fagráðum á sumarmánuðum og fagráðsmenn senda erlendum sérfræðingum umsóknirnar til yfirlestrar. Fagrád afgreiða mat umsókna í lok árs og þegar fjárlög liggja fyrir getur stjórn sjóðsins samþykkt úthlutun. Styrkþegar hafa fjóra mánuði til að

skrifa undir samning við Rannsóknasjóð. Þannig getur liðið uppundir ár frá því að umsóknarfrestur rennur út þar til verkefni hefst.

15. Sp: Ef sótt er um rannsóknastöðustyrk fyrir einstakling innan stærra verkefnis (verkefnisstyrks eða öndvegisstyrks) þarf viðkomandi að skila inn LOI frá gestgjafastofnun og greina frá framtíðaráformum sínum í sérstöku viðhengi?

Sv: Nei, þetta á aðeins við um einstaklinga sem sækja um rannsóknastöðustyrk í eigin nafni.

16. Sp: Dregst fæðingarorlof frá tímabilinu sem hefur liðið frá því að doktorsprófi lauk þar til rannsóknastöðustyrkur hefst?

Sv: Já, að fengnum vottorðum er tekið tillit til fæðingarorlofs og veikindaorlofs.

17. Sp: Eru einhver takmörk á því hvað má sækja hátt hlutfall í hvern kostnaðarlið (laun, rekstrarkostnað, ferðakostnað, aðkeypta þjónustu)?

Sv: Einu takmörkin eru að ef sótt er um styrk til tækjakaupa (í rekstrarkostnaði) má sá kostnaður ekki fara yfir 1 milljón króna á ári í verkefnastyrkjum og 3 milljónir króna á ári í öndvegisstyrkjum. Annan kostnað þarf að rökstyðja, að öðrum kosti er hann skorinn.

18. Sp: Er hægt að sækja um laun fyrir þátttakendur sem starfa erlendis?

Sv: Ekki er litið til þess hvar verkið er unnið (hólandis/erlendis) en styrkur úr Rannsóknasjóði er greiddur inn á íslenska stofnun og þarf viðkomandi að vera á launaskrá hjá þeirri stofnun.

19. Sp: Hvernig eru þverfaglegar umsóknir metnar?

Sv: Í umsóknareyðublaðinu velur umsækjandi í hvaða fagraði umsóknin skuli metin. Við mat á umsóknum er fagraðum heimilt að leita eftir áliti hjá fagraðsmönnum annarra fagraða ef þau telja þess þurfa. Umsækjendum um þverfagleg verkefni er bent á að taka fram í umsókn að verkefnið sé þverfaglegt og mun fagraðið þá sérstaklega hafa það í huga við mat á verkefninu.

20. Sp: Hversu miklu máli skiptir við mat á umsókn aðkoma doktorsnema, meistaranema og nýdoktora að verkefninu?

Sv: Meðal atriða sem vísindanefnd leggur áherslu á við mat á umsóknum í sjóðinn er nýliðun í hópi vísindamanna og stuðningur við ungt vísindafólk. Umsóknir eru þó fyrst og fremst metnar eftir gæðum rannsóknarverkefna þ.e. vísindalegu gildi, færni og aðstöðu umsækjenda og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi.

21. Sp: Má telja húsaleigu sem mótframlag í umsóknum um verkefnisstyrk/öndvegisstyrk?

Sv: Nei, til mótframlags getur talist allur kostnaður við verkefnið að undanskildum kostnaði við samrekstur og aðstöðu. Húsaleiga telst til útgjalda vegna samrekstrar og aðstöðu.

22. Sp: Er munur á því hvernig umsóknir eru metnar eftir því hvort doktorsnemar eru nafngreindir eða ónafngreindir í umsókn?

Sv: Já, munurinn liggur í því að nafngreindur doktorsnemi er metinn sem einn af umsækjendum. Umsóknir eru þó fyrst og fremst metnar eftir gæðum rannsóknarverkefna þ.e. vísindalegu gildi, færni og aðstöðu umsækjenda og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi.

23. Sp: Geta umsækjendur mælt með matsmönnum á umsókn sína?

Sv: Nei, umsækjendur geta ekki mælt með matsmönnum en hafa möguleika á að nafngreina einstaklinga sem þeir vilja ekki að komi að mati á umsókn sinni.

24. Sp: Er ákveðið fyrirfram skiptingu heildarfjármagns milli fagraða og/eða milli styrktegunda?

Sv: Nei.

25. Sp: Í sniðmáti fyrir ferilskrá kemur fram að lengd hennar skuli vera undir fjórum blaðsíðum. Í reglum kemur ekkert fram um takmörkun á lengd á ferilskrá. eru lengdartakmörk á ferilskrá og þarf að notast við línubil 1.5?

Sv: Já, þegar ferilskrá er útbúin skal notast við þar til gert sniðmát og hver ferilskrá skal ekki vera lengri en fjórar blaðsíður að forsíðu frátaldri. Ekki er nauðsynlegt að vera með línubil 1.5.

26. Sp: Er leyfilegt að einstaklingur sem þiggur laun úr Rannsóknasjóði sé í hlutastarfi annarsstaðar?

Sv: Ekki er gerð athugasemd við að styrkþegi sé í allt að 20% launuðu hlutastarfi á sama tíma og viðkomandi þiggur launagreiðslur (fyrir 100% vinnuframlag) úr Rannsóknasjóði.

27. Hvað er h-index og afhverju er verið að biðja um upplýsingar um hann?

Með upplýsingum um h-index er leitast við að meta gildi (impact) greina sem umsækjandi hefur birt. Hægt er að útbúa greinasafn og h-index í gegnum ýmsar leitarvélur, t.d með því að skrá sig á <http://scholar.google.is/>.

28. Sp: Þegar sótt er um rannsóknastöðustyrk, er það nýdokterinn eða leiðbeinandinn sem er skráður sem aðalumsækjandi (PI)?

Sv: Nýdokterinn er aðalumsækjandi á umsókn um rannsóknastöðustyrk.